



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 48. fundur**  
**haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 9. desember 2015**  
**og hófst kl. 12:00**

**Fundinn sátu:**

Zophonías Ari Lárusson, formaður  
Guðmundur Haukur Jakobsson, varaformaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, aðalmaður  
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

**Dagskrá:**

- 1. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð frá 20. nóvember 2015 - 1511043**  
*Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. nóvember 2015 lögð fram til kynningar.*
- 2. Byggðasamlag Tónlistarskóla A - Hún - fundargerð frá 23. nóvember 2015 - 1511038**  
*Fundargerð Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 23. nóvember 2015 lögð fram til kynningar.*
- 3. Rætur bs. - fundargerð frá 30. nóvember 2015 - 1512001**  
*Fundargerð Róta bs. dags. 30. nóvember 2015 lögð fram til kynningar.*
- 4. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún - fundargerð frá 30. nóvember 2015 - 1512005**  
*Fundargerð Bs. um menningu og atvinnumál í A-Hún. dags. 30. nóvember 2015 lögð fram til kynningar.*
- 5. Veiðifélag Blöndu og Svartár - fundargerð frá 3. desember 2015 - 1511037**  
*Fundargerð Veiðifélags Blöndu og Svartár dags. 3. desember 2015 lögð fram til kynningar.*
- 6. Erindi frá Vilko - 1511036**  
*Á hluthafafundi í Vilko 30. október 2015 var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutafé Vilko um allt að 26. milljónum þannig að heildarhlutafé eftir aukningu verði allt að 100 mkr. Þá var samþykkt að hluthafar falli frá forgangsrétti til áskriftar í aukningunni.*

*Samþykkt var að bjóða hluthöfum þ.á.m. Blönduósþæ að taka þátt í aukningunni.*

*Byggðaráð hafnar erindinu.*



**7. Fyrirspurn frá foreldrafélagi Blönduskóla - 1511040**

*Stjórn Foreldrafélags Blönduskóla sendir fyrirspurn varðandi það hvort einhver vinna sé í gangi í sambandi við sparkvöllinn við Blönduskóla. Hefur stjórn Foreldrafélagsins áhyggjur af notkun gúmmíkurla úr dekkjum á sparkvellinum í ljósi rannsókna sem sýna fram á að dekkjakurl innihaldi krabbameinsvaldandi efni. Telur stjórnin óréttlætanlegt að heilsu og öryggi barna sveitarfélagsins sé teft í hættu og hvort ekki eigi að skipta gúmmíkurla úr dekkjum út fyrir hættuminni efni.*

*Byggðaráð þakkar stjórn Foreldrafélags Blönduskóla fyrir fyrirspurnina.*

*Byggðaráð felur sveitarstjóra að kanna möguleika á úrbótum.*

**8. Samtök um kvennaathvarf - umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2016 - 1511042**

*Kvennaathvarfið óskar eftir rekstrarstyrk fyrir komandi starfsár.*

*Byggðaráð samþykkir kr. 50.000. Upphæðin verður tekin af lið 21011 – 9919.*

**9. Samningur um rekstur Félagsheimilisins á Blönduósi við Hafa gaman ehf. – 1512007**

*Guðmundur Haukur Jakobsson vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar vegna skyldleika.*

*Lagður fram samningur um rekstur Félagsheimilisins á Blönduósi við Hafa gaman ehf.*

*Byggðaráð samþykkir samninginn.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45.**

---

---

---

---

---

---